

Mál nr. 273/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um hvort axlarmein verði rakið til slyss við þökkun á skyri.****Gögn.**

140. Málskot, móttengið 19.8.2013, ásamt fylgigögnum.

141. Bréf X, dags. 6.9.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði um árabíl unnið hjá V við skyrþökkunarvél. Kveður M að vinnan hafi valdið miklu álagi á axlir sökum þess að hún hafi þurft að lyfta þungum stykkjum og skáskjóta þeim upp fyrir sig og inn í vélina. Hinn 26.11.2011 hafi hún verið búin að setja eitt slíkt stykki í vélina þegar smellur hafi heyrst í hægri öxl og eftir það hafi hún ekki getað skipt um stykkið í vélinni. Hún hafi haldið áfram vinnunni þrátt fyrir þrautir, en hún hafi ekki verið óvön þeim. Þó nokkru áður hafi hún verið farin að kenna sér meins í öxl vegna þeirrar vinnuaðstöðu sem hún bjó við og því hafi hún ekki verið óvön að vinna þrátt fyrir verki í öxl og ónot.

Hinn 5.1.2012 leitaði M svo til bæklunarlæknis. Í vottorði læknisins, dags. 25.10.2012, kemur fram að M hafi leitað til hans 17.11.2011 vegna verkja í hægri öxl. Hún hafi fengið „sprautu hér í fyrri sem hafi virkað vel, fær aftur inndælingu af deyfingu / stera undir axlarhyrnumeiri.“ M hafi svo komið aftur 5.1.2012 og þá verið slæm af verkjum í öxlinni og þá fengið aftur sprautu. M hafi svo komið á ný 1.3.2012 og þá fyrst hafi atvikið 26.11.2011 borið á góma. Í þetta skipti lýsti M verulegum verkjum í öxl sem hún kveður að hafi byrjað eftir togverka umræddan dag. M gekkst svo undir aðgerð á öxlinni hjá öðrum bæklunarlækni 28.3.2012.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna meinsemdarinnar í öxlinni. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð, bæði hvað varðar atvikið sem M kveðst hafa orðið fyrir 26.11.2011 og aðstæður á vinnustaðnum. M hafði leitað læknis vegna einkenna frá hægri öxl fyrir umrætt atvik og hún minntist fyrst á það við lækni rúmum þremur mánuðum eftir að það átti að hafa gerst. Engin skoðunargerð eða úttekt af öðru tagi liggur fyrir um vinnuaðstæður til stuðnings staðhæfingum M um að vinnuaðstæðurnar hafi verið óforsvaranlegar. Eins og mál þetta liggur verður að telja ósannað M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína hjá V hinn 26.11.2011 eða að meinsemd í hægri öxl megi rekja til atvika sem V ber ábyrgð á. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 24. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.